

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. maí 2010
Tilvísun: 2010050002

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga nr. 96 15. maí 2002, ásamt síðari breytingum (Schengen, framfærsla o.fl.), þskj. 976, 585. mál.

Vísað er til bréfs yðar, dags. 3. maí 2010, þar sem óskað er umsagnar Útlendingastofnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga nr. 96 15. maí 2002, um síðari breytingum (Schengen, framfærsla o.fl.), þskj. 976, 585. mál.

Útlendingastofnun þakkar fyrir að fá tækifæri til að koma að athugasemdum vegna ofangreinds frumvarps. Stofnunin vill nota tækifærið til að gera eftirfarandi athugasemd:

Athugasemdin varðar þær kröfur sem gerðar eru til þess að útlendingar sem komið hafa hingað til lands á grundvelli 51. gr. laga nr. 96/2002 sýni fram á trygga framfærslu aðra en félagslega aðstoð ríkis eða sveitarfélaga þegar þeir sækja um endurnýjun dvalarleyfis eða um búsetuleyfi. Núgildandi löggjöf gerir ekki sérstaka undanþágu vegna aðstoðar sem þetta fólk nýtur og ekki er í frumvarpinu ákvæði um slíka undanþágu.

Reynslan hefur sýnt að mikill fjöldi einstaklinga sem hingað koma í flóttamannahópum sem boðið er hingað til lands á grundvelli 51. gr. laga nr. 96/2002 þurfa á talsverðri félagslegri aðstoð að ræða. Þeir hafa notið sérstakrar aðstoðar fyrstu 12 mánuðina af dvöl þeirra hér á landi en í mörgum tilvikum hafa þeir þurft eða þeim verið boðin frekari aðstoð eftir það til dæmis til að gera þeim kleyft að sækja sér menntun. Stafar þetta ekki síst af því að í mörgum tilvikum er um að ræða einstæðar mæður sem ekki eiga gott með að sækja sér menntun og um leið að afla fjár til að sjá sér og börnum sínum farborða. Núgildandi lög hafa að geyma almenna heimild til að víkja frá skilyrði um trygga framfærslu við veitingu búsetuleyfis ef framfærsla hefur verið ótrygg um skamma hríð og ríkar sanngirnisástæður mæla með því. Það gagnast hins vegar ekki þessum hópi því margir úr honum hafa þurft að reiða sig á framfærsluaðstoð ríkis eða sveitarfélags stærsta hluta dvalartíma síns á Íslandi. Þetta veldur því vandkvæðum bæði við endurnýjun dvalarleyfis áður en upphaflega þriggja ára dvalarleyfið rennur út og svo aftur þegar útlendingarnir sækja um búsetuleyfi eftir fjögurra ára dvöl.

Útlendingastofnun vill leggja áherslu á að það komi greinilega fram í lögum um útlendinga ef löggjafinn vill gera undantekningar frá almennum kröfum um að



ÚTLENDINGASTOFNUN
ICELANDIC DIRECTORATE OF IMMIGRATION

útlendingur sem óskar eftir dvalarleyfi eða búsetuleyfi sýni fram á trygga framfærslu. Stofnunin vill því mæla með því að frumvarpið gerir ráð fyrir því að einstaklingar sem komið hafa landsins sem hluti af flóttamannahópi skv. 51. gr. laga nr. 96/2002 geti nýtt félagslega aðstoð ríkis og sveitarfélaga til að sýna fram á trygga framfærslu ef þær greiðslur hafa komið til vegna sérstakrar aðstoðar sem þeir hafa notið sem flóttamenn eða til aðlögunar að íslensku samfélagi í framhaldi af því. Mælt er með því að þessari undanþágu verði komið fyrir í 1. mgr. 14. gr. laga nr. 96/2002 og einnig í c-lið 1. mgr. 15. greinar.

Útlendingastofnun gerir ekki aðrar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,
f.h. Útlendingastofnunar,



Hreiður Eiríksson.